

Reglugjörð

um viðauka við reglugjörð 11. apríl 1917 um aðflutta kornvöru og smjörlíki.

Samkvæmt heimild í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfsuófríðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Framkvæmdarstjóri bæjarstjórna í kaupstöðum (borgarstjóri, bæjarstjóri eða bæjarfógeti) skal með aðstoð tveggja til þriggja manna, sem bæjarstjórn kýs, hafa eftirlit með því, að kornvörur þær, sem getur um í 1. gr. reglugjörðar 11. apríl 1917, og til kaupstaðarins flytjast, gangi að tiltölulegum hluta til neyslu í kaupstaðnum, og að þær vörur sem kaupstaðnum eru ætlaðar, komi við útsölu á þeim þar til almennings sem jafnast niður eftir þörfum. Nefndarmennina má kjósa úr flokki bæjarfulltrúanna eða utan bæjarstjórnar.

2. gr.

Í þessu skyni skal bæjarfógeti, borgarstjóri eða bæjarstjóri, eftir því sem við á, afla sjer vitneskju um slíkar vörur, sem til kaupstaðarins flytjast. Þá er þessar vörur koma til Reykjavíkurkaupstaðar utanlands frá til kaupmanna og kaupfjelaga þar, skal bæjarfógeti þegar er hann hefir fengið skipsskjölin, gjöra í framangreindu skyni skrá yfir þær eftir skipsskjölunum og senda skrá þessa til borgarstjóra sem fyrst. Ef slíkar vörur skyldu koma frá öðrum innlendum höfnum til tjeðs kaupstaðar, ber skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins að afhenda bæjarfógeta áleiðis til borgarstjóra skrá yfir þær. Í öðrum kaupstöðum, þar sem framkvæmdarstjóri bæjarstjórnar er einnig bæjarfógeti, má í framangreindum tilgangi nota skrár þær, er getur í 2. gr. reglugjörðar 21. apríl 1917. Nú koma vörur þær, er hjer um ræðir, landleiðis til kaupstaðar og eru ætlaðar þar til sölu, ber þá viðtakanda að senda bæjarfógeta tafarlaust tilkynningu um þær.

3. gr.

Nú flytjast til kaupstaðar utanlands eða innanlands að slíkar vörur og eru ætlaðar til sölu þaðan jafnframt eða eingöngu í önnur hjeruð, og skal þá gjörður greinarmunur á, hvort almenningur úr því hjeraði hefir að undanfögnu að jafnaði sótt verslun til þess kaupstaðar eða ekki. Ef svo er, er rjett, að því hjeraði eða hjeruðum sje áfram ætlað af vörunum að rjettu hlutfalli eftir þörfum, og er ætlast til þess að nefndir þær, sem getur um í reglugjörð þessari og

nefndir þær, er getur í reglugjörð 21. apríl 1917, og í hlut eiga, komi sjer sam- **18**
 an í þessu efni, þó er rjett að sá, sem vöruna hefir til sölu, leiti um það efni ^{26. apríl}
 eingöngu fyriræla kaupstaðarnefndarinnar, en heimilt er honum eða hlutaðeig-
 andi hjeradsnefnd, ef rjetti telja hallað, að skjóta málinu til stjórnarráðsins til
 úrslita. Sje hinsvegar um að ræða sölu til annara hjeraða en getið var, sjer-
 staklega um birgðasölu stórsölukaupmanna til kaupmanna, kaupfjelaga eða bak-
 ara, verður að leita um hana samþykkis stjórnarráðsins.

4. gr.

Um sölu á vörum þeim, er hjer um ræðir, til almennings í kaupstaðnum
 setur nefnd sú, er getur í reglugjörð þessari, reglur eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Nefndinni ber að hafa vakandi auga á kornvörubirgðum í kaupstaðnum,
 svo landsstjórnin, hvenær sem er, geti fengið upplýsingar um, hve mikar þær sjeu
 og hve lengi þær munu endast, og er þeim, sem sölubirgðir hafa eða birgðir í
 bakstur til sölu, skylt að gefa nefndinni þær upplýsingar um birgðir sínar, sem
 hún æskir. Um kornmatarþörf á mann gildir sama um kaupstaði og um sveitir,
 er greinir í 6. gr. reglugjörðar 21. apríl 1917.

6. gr.

Kostnaður við ráðstafanir samkvæmt ákvæðum reglugjörðar þessarar
 greiðist úr bæjarsjóði.

7. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Í-lands, 26. apríl 1917.

Sigurður Jónsson.

 Jón Hermannsson.